

Fundur umhverfis- og skipulagsráð, 14. febrúar 2024:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

#### Fyrirspurn

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvort skipulagsyfirvöld hafi haft samráð við rekstraraðila Mathallarinnar á Hlemmi um framkvæmdir sem þar eru í gangi og hvaða áhrif þær hefðu á viðskipti Mathallarinnar? Fulltrúi Flokks fólksins spyr auk þess um áætlaðan kostnað og verklok vegna framkvæmda á Hlemmi og nágrenni?

#### Greinargerð

Framkvæmdir á Hlemmi mun taka nokkur ár ef hægt er að taka mið af hvernig framvindan hefur verið fram til þessa. Engum blöðum er um fletta að framkvæmdirnar hljóta að hafa dregið úr viðskiptum Mathallarinnar og fleiri verslana og fyrirtækja þarna í kring. Það hafa verið settar háar fjárhæðir í Mathöllina bæði borgin og þeir sem reka þarna veitingahús. Flokkur fólksins hefur áður velt því upp hvort ekki hefði átt að fresta þessum framkvæmdum þá einna helst vegna fjárhagsstöðu borgarinnar. Íbúarnir hljóta að hugsa með hryllingi til langs tíma þar sem þeir komast illa að heimilum sínum.